

Barnasjúkrþjálfun – mælitækjabanki

| Mælitæki | Aldur | Þátttaka | Athafnir | Bygging starfsemi | Umhverfi aðstæður | Á íslensku |
|---|----------------|----------|----------|----------------------|----------------------|---------------|
| Alberta Infant Motor Scale (AIMS) Grófhreyfipróf sem ætlað er að greina seinkun/frávik í hreyfiproska ungbarna á aldrinum 0 til 18 mánaða. Niðurstöður eru gefnar í hundraðsröð meðal jafnaldra. Stuðst er við kanadísk viðmið. | 0-18 mán | | x | x | | Nei |
| Barry-Albright Dystonia Scale (BAD) Fimm þrepa raðkvarði til að mæla breytilega vöðvaspennu (almenna dystoniu) í átta svæðum líkamans. | | | | x | | Nei |
| Bayley Scales of Infant and Toddler Development – Third Edition (BSID-III) Hreyfiproskahlutinn metur þroskastöðu ungra barna á aldrinum 1 til 42 mánaða. Prófið í heild tekur auk þess vitsmunapróska, málproska, félags- og tilfinningalegs þroska og aðlögunarfærni. Niðurstöður eru gefnar upp í þroskaaldri (lífaldri barna í stöðlunarúrtakinu sem höfðu sama stigafjölda að meðaltali). Stuðst er við bandarísk viðmið. | 1-42 mán | | x | x | | Nei |
| Beighton Scale Kvarði til að meta hreyfanleika í liðum; 9 atriði. | 6-12 ára | | | x | | Nei |
| Brook Scale for Upper Extremity Færnikvarði til að meta athafnir og hreyfingu í handleggjum hjá drengjum með Duchenne. Lagt er mat á 6 atriði. | | | x | x | | Nei |
| Bruininks-Oseretsky Test of Motor Proficiency (BOT-2) Hreyfipróf fyrir börn og ungmenni á aldrinum 4 - 21 árs. Það skiptist í fjóra hluta, þ.e. a) stjórn fínhreyfinga, b) samhæfing handa, c) samhæfing líkama og d) styrkur og snerpa. Innan hvers hluta eru tvö undirpróf. Niðurstöður eru gefnar upp í staðaltölum (meðaltal 50 ± 10), mælitölu (meðaltal 15 ± 5) og hundraðshlutum. Stuðst er við bandarísk viðmið. | 4 ½ -21 árs | | x | x | | Já |
| Canadian Occupational Performance Measure (COPM) Spurningalisti til að setja þjálfunarmarkmið. Skjólstæðingurinn leggur sjálfur mat á eigin færni. Markmið geta verið á hvaða sviði ICF modelsins sem er. | Allur aldur | x | x | x | x | Já |

Barnasjúkráþjálfun – mælitækjabanki

| Mælitæki, framhald | Aldur | Þátttaka | Athafnir | Bygging starfsemi | Umhverfi aðstæður | Á íslensku |
|--|-------------|----------|----------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Goal Attainment Scale (GAS) Kvarði þar sem einstaklingurinn metur sjálfur hve vel hefur gengið að framfylgja markmiðum þjálfunar; 5 stig frá -2 til +2. Markmið geta verið á hvaða sviði ICF modelsins sem er. | Allur aldur | X | X | X | X | Já |
| Gross Motor Function Measure (GMFM) Markbundið (criterion-referenced)/staðalbundið (norm-referenced) grófhreyfipróf fyrir börn og fullorðna með CP. Prófið skiptist í 5 undirþætti og breytingar (framför eða afturför) á getu eru metnar með því að bera saman mælingar frá einum tímapunkti til annars. Niðurstaðan er gefin í prósentum þar sem 100% svarar til grunnhreyfingetu 5 ára heilbrigðs barns. Til eru tvær útgáfur; lengri GMFM-88 og styttri GMFM-66. Sjá heimasíðu Canchild um notkun þeirra: https://www.canchild.ca/en/resources/44-gross-motor-function-measure-gmfm . Item Set version og Basal & Ceiling version eru styttri útgáfur af GMFM-66. Item set version notast við reiknirit sem finnur hvaða 1 atriði af 4 er mest einkennandi fyrir getustig barns. Með Basal & Ceiling version er GMFCS og aldur barns notað til að finna út hvaða atriði skuli byrja að leggja fyrir. Grunngeta er fundin þegar barnið fær 3 fyrir þrjú atriði í röð. Prófun er haldið áfram þar til það fær 0 fyrir 3 atriði í röð (þak). Gefa þarf fyrir a.m.k. 15 atriði. | Allur aldur | | X | X | | Já |
| International Physical Activity Questionnaire (IPAQ) Spurningalisti um daglega hreyfingu sem skipt er í 3 virknistig. Styttri útgáfan er ætluð til að meta hreyfingu á landsvísu en lengri útgáfan er ætluð til rannsókna. | 15-69 ára | | X | | | Já lengri útgáfan |
| Management of Physical Disability, Assessment Form 24-7 Heildræn skoðun og viðtal ásamt kvarða til að meta stjórn og gæði líkamsstöðu hjá einstaklingum með mikla hreyfihömlun. Færni til að stjórna líkamsstöðu er metin í 7 þrepum, gæði í 6 þrepum og mældir liðferlar. Skráð er líðan, vöðvaspenna, verkir, skyn, öndun o.fl. Krefst námskeiðs. | Allur aldur | | X | X | | Nei |
| Peabody Developmental Motor Scales (PDMS-2) Skiptist í grófhreyfihluta (sem skiptist í 4 undirpróf) og fínhreyfihluta (sem skiptist í 2 undirpróf). Niðurstöður eru gefnar í þroskatölum (meðaltal 100 ±15) og hundraðsröð meðal jafnaldra. Stuðst er við bandarísk viðmið. | 0-71 mán | | X | X | | Já |

Barnasjúkráþjálfun – mælitækjabanki

| Mælitæki, framhald | Aldur | Þátttaka | Athafnir | Bygging starfsemi | Umhverfi aðstæður | Á Íslensku |
|--|-------------------|----------|----------|-------------------|-------------------|------------|
| Pediatric Balance Scale (Modified Berg Scale) Kvarði til að meta jafnvægi hjá börnum á skólaaldri með væga til miðlungs hreyfihindrun. Metin eru 14 atriði. Gefin eru 0-4 stig fyrir hvert atriði. | Börn á skólaaldri | | X | | | Nei |
| Pediatric Evaluation of Disability Inventory (PEDI) Staðal- og markbundið færniþróf fyrir börn á aldrinum 6 mánaða til 7½ árs en einnig er hægt að nýta það fyrir eldri börn með röskun á færni. Upplýsinga er aflað með viðtali við foreldra eða aðra sem þekkja barnið vel. Færni við eigin umsjá, hreyfi- og félagsfærni er metin auk þess sem sú aðstoð sem barnið fær er könnuð og hvaða hjálparbúnaður er notaður. Niðurstöður eru gefnar upp í staðaltölum (meðaltal 50 ± 10) og kvörðuðu gildi (0-100) sem sýnir breytingar yfir tíma. Stuðst er við bandarísk viðmið. | 6 mán-7 ½ árs | X | X | | X | Já |
| Pediatric Evaluation of Disability Inventory – Computer Adaptive Test (PEDI-CAT) Staðal- og markbundið próf ætlað til að meta færni hjá börnum og ungmennum frá fæðingu að 21 árs aldri við eigin umsjá, hreyfifærni, félagsfærni, vitræna færni og hve mikla ábyrgð barnið tekur við ýmiss viðfangsefni í daglegu lífi. Foreldrar eða umönnunaraðilar svara lokuðum staðhæfingum um frammistöðu við athafnir. Til sérstök útgáfa ætluð börnum og ungmennum á einhverfurófi. Niðurstöður eru gefnar upp í staðaltölum (meðaltal 50 ± 10) og kvörðuðu gildi (0-100) sem sýnir breytingar yfir tíma. Stuðst er við bandarísk viðmið og hægt að velja um lengri eða styttri útgáfu við fyrirlögn. | 0-20 ára | X | X | | X | Nei |
| Modified Ashworth Scale Kvarði til að meta spasticity/mótstöðu við hraðar passívar hreyfingar. Gefin eru 0-4 stig. | | | | X | | Nei |
| Modified Tardieu Scale Kvarði til að meta spasticity/mótstöðu við passívar hreyfingar. Gefin eru 0-4 stig fyrir hvert atriði. | | | | X | | Nei |
| Motor Function Measure 20 & 32 (MFM 20 & 32) Kvarðar til að meta færni hjá einstaklingum með taugasjúkdóma (NMD). Í styttri útgáfunni sem er fyrir 7 ára og eldri er lagt mat á 20 atriði. Lengri útgáfan er fyrir 6-60 ára og inniheldur 32 atriði. Gefin eru 0-3 stig fyrir hvert atriði. | 6 (7) - 60 ára | X | X | X | X | Nei |

Barnasjúkráþjálfun – mælitækjabanki

| Mælitæki, framhald | Aldur | Þátttaka | Athafnir | Bygging starfsemi | Umhverfi aðstæður | Á Íslensku |
|--|----------------|----------|----------|-------------------|-------------------|------------|
| Revised Hammersmith Scale for spinal muscular atrophy (RHS) Kvarði til að meta færni hjá einstaklingum með SMA 2 og 3 með/án göngufærni. Lagt er mat á 36 atriði. Gefin eru 0-2 stig fyrir hvert atriði. | | | X | X | | Nei |
| North Star Ambulatory Assessment (NSAA) – V.2.0 Kvarði til að meta færni drengja með Duchenne. Metin eru 17 atriði og gefin 0-2 stig fyrir hvert atriði. | Frá 3 ára | | X | | | Væntanlegt |
| Revised Upper Limb Module for SMA (RULM) Kvarðar til að leggja mat á breytingar á hreyfifærni í handleggjum yfir tíma meðal einstaklinga með SMA. Lagt er mat á 9 atriði í styttri útgáfunni en 19 í lengri útgáfunni. Gefin eru 0-3 stig fyrir hvert atriði. | Frá 3 ára | | X | X | | Nei |
| The Challenge Markbundið (criterion-referenced) grófhreyfipróf fyrir börn með CP sem geta gengið án hjálpartækja (í GMFCS færni flokki I-II). Prófið samanstendur af 20 atriðum (sem meta getu/tíma) og byggir á grundvelli GMFM. Horft er til þátta sem talið er mikilvægt að börn og unglingar geti framkvæmt í skóla (flóknar hreyfingar, hraða, jafnvægi og samhæfingu). Krefst námskeiðs. | Eldri en 6 ára | | X | | | Nei |
| Vignos Functional Rating Scale Kvarði til að meta færni til að komast um hjá drengjum með Duchenne. Lagt er mat á 10 atriði. | | | X | X | | Nei |

Barnasjúkráþjálfun – mælitækjabanki

| Flokkunarkerfi | Aldur | Þátttaka | Athafnir | Bygging/ starfsemi | Umhverfi/ aðstæður | Á Íslensku |
|--|----------|----------|----------|-----------------------|-----------------------|---------------|
| Functional Mobility Scale, 2. útgáfa (FMS) Sex þrepa raðkvarði til að flokka hreyfifærni barna með cerebral palsy (CP). Metin er geta til að fara 5, 50 og 500 metra og tekið tillit til hjálpartækja. Hægt að nota kvarðann til að meta breytingar á færni yfir ákveðið tímabil eða eftir íhlutun/aðgerð. | 4-18 ára | | x | | | Já |
| Gross Motor Function Classification System Expanded and Revised (GMFCS-ER) Flokkun á grófhreyfifræni barna með CP, aukin og endurskoðuð útgáfa. Færnisflokkarnir eru 5 (I-V) og lýsir flokkur I mestri færni. | 0-18 ára | | x | | | Já |
| Manual Ability Classification System (MACS) Flokkun á fínhreyfifærni barna með CP. Færnisflokkarnir eru 5 (I-V) og lýsir flokkur I mestri færni. | 4-18 ára | | x | | | Já |

Reykjavík 22. maí 2020,

f.h. Faghóps um sjúkráþjálfun barna,

Katrín Freyja Skúladóttir

Ingveldur K Friðriksdóttir

Þjóðbjörg Guðjónsdóttir